

Eins og áður kemur fram, hefjast gjaldmiðilsskipti um næstu áramót. Hinir nýju seðlar og mynt skv. ofanskráðu fara þá í umferð, en hinir gömlu seðlar og mynt (núgildandi gjaldmiðill) verða í umferð sem löglegur gjaldmiðill á verði, sem nemur 1/100 af skráðu verðgildi hans, fram til júniloka 1981 og innleysanlegur í Seðlabankanum þar á eftir til ársloka 1982.

Hinn nýi og gamli gjaldmiðill (seðlar og mynt) svara hvor til annars þannig:

Nýjar krónur frá 1/1 1981 (Nýkr.)	Gamlar krónur (Gkr.)
500 kr. seðill	(jafngildir 50 000 kr.)
100 kr. seðill	(jafngildir 10 000 kr.)
50 kr. seðill .....	5000 kr. seðill
10 kr. seðill .....	1000 kr. seðill
5 kr. mynt .....	500 kr. seðill
1 kr. mynt .....	100 kr. seðill
50 aura mynt .....	50 kr. mynt
10 aura mynt .....	10 kr. mynt
5 aura mynt .....	5 kr. mynt

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

*Viðskiptaráðuneytið, 30. janúar 1980.*

**Kjartan Jóhannsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

## ERINDISBRÉF

### héraðslækna.

#### 1. gr.

Ráðherra skipar í hverju læknishéraði einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn, í Reykjavík borgarlækni.

#### 2. gr.

Héraðslæknir er formaður heilbrigðismálaráðs héraðsins sbr. lög nr. 57/1978. Um laun héraðslækna fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytisins og L. Í. á hverjum tíma.

#### 3. gr.

Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins, hefur eftirlit með þeim og skal fyrir hönd ráðuneytis fylgjast með rekstri heilbrigðisstofnana í héraði sínu. Hann skal fylgjast með því, að lögum, reglum og fyrirráðum um heilbrigðismál sé framfylgt.

#### 4. gr.

Héraðslæknir hefur í umboði landlæknis eftirlit með störfum og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta í héraðinu. Héraðslæknir sinnir kvörtunum eða kærnum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta, og framsendir slíkt mál til landlæknis telji hann það nauðsynlegt.

Héraðslæknir skipuleggur samvinnu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.

## 5. gr.

Héraðslæknir skal hafa vakandi auga með hverju því sem miðar að eflingu almennrar heilbrigði héraðsbúa, taka slík mál til umfjöllunar á fundum heilbrigðismálaráðs og eiga ásamt því frumkvæði að aðgerðum þar að lútandi.

## 6. gr.

Héraðslæknir skal í samvinnu við landlækni og ráðuneyti stuðla að mönnum heilsugæslustöðva í héraði sínu. Hann skal vera til ráðuneytis um tilhögun námsleyfa og orlofs heilsugæslulækna.

## 7. gr.

Héraðslæknir sér um, í upphafi hvers kjörtímabils sveitarstjórna, að tilnefning í heilbrigðismálaráð fari fram. Héraðslæknir tilkynnir heilbrigðisráðuneyti, landlækni og stjórn landshlutasamtaka um kosningu ráðsins.

## 8. gr.

Héraðslæknir undirbýr fundi heilbrigðismálaráðs, boðar þá með dagskrá og stýrir þeim. Hann sér um að koma ályktunum ráðsins á framfæri við ráðuneyti, landlækni, sveitarstjórnir, stjórn landshlutasamtaka og stjórn heilbrigðisstofnana héraðsins og aðra aðila eftir því sem við á.

## 9. gr.

Héraðslækni er heimilt að óska eftir afritum af skýrslum heilsugæslulækna til landlæknis svo og öðrum upplýsingum frá heilsugæslustöðvum og sjúkrastofnunum í héraðinu, sem hann telur nauðsynlegar vegna verkefna heilbrigðismálaráðs.

## 10. gr.

Héraðslæknir sendir árlega skýrslu um störf heilbrigðismálaráðs til ráðuneytis, landlæknis, sveitarstjórna og stjórnar landshlutasamtaka fyrir apríllok ár hvert.

## 11. gr.

Héraðslæknir gerir fjárhagsáætlun vegna starfa heilbrigðismálaráðs að því er varðar kostnað ríkissjóðs og sendir heilbrigðisráðuneyti fyrir maílok ár hvert.

## 12. gr.

Héraðslæknir (að undanteknum borgarlækni í Reykjavík) stundar jafnframt ofantöldum störfum læknisstörf við heilsugæslustöð, en heimilt er að takmarka þau.

## 13. gr.

Erindisbréf þetta er sett með stoð í 8. gr. 2. töluliðar laga nr. 57/1978 og öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf héraðslækna nr. 35/1964.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 4. febrúar 1980.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*